

# Umsögn vegna aðalskipulags Norðurþings

## 9.febrúar 2026

### Hnotasteinn

Hverfisráð Raufarhafnar lýsir andstöðu vindorkugarðinn Hnotastein á Hólaheiði. Ráðið telur vindorkugarð á svæðinu vera í andstöðu við vilja fjölmargra íbúa Norðurþings, og í ósamræmi við markmið sveitarfélagsins um vernd náttúru og upplifunar. Hverfisráð bendir ennfremur á að umhverfismatsgögn sýni að áhrif framkvæmdarinnar séu að mestu neikvæð og ekki sé unnt að færa fram haldbær rök um samfélagslegan ávinning, þar sem raforkan rennur inn á hringrásarkerfi Landsnets og nýtist ekki sérstaklega svæðinu.

Norðurþing hefur lýst yfir vilja til að verða Dark Sky-svæði. Vindmyllugarður á Hnotasteini, með háum turnum, viðvörunarljósum og ljósmengun að vetrarlagi, er í algjöru ósamræmi við þá stefnu og myndi rýra mikilvægt aðdráttarafl svæðisins. Sýnileikagreining sýnir glögg að vindmyllur á Hnotasteini myndu sjást frá fjölmörgum lykilstöðum, m.a. Heimskautsgerðinu og víðernum Melrakkasléttu.

Rannsóknarmiðstöðin Rif hefur það hlutverk að efla rannsóknir á náttúrufari Melrakkasléttu og vinna að vernd og fræðslu um einstakt náttúrugildi svæðisins. Iðnaðaruppbygging og ljós- og sjónmengun í næsta nágrenni slíkra rannsókna er ósamrýmanleg eðli starfseminnar og myndi skerða möguleika á áframhaldandi vísindalegri vinnu.

Raufarhöfn hefur byggt upp skýra og markvissa markaðssetningu sem byggir á ósnortinni náttúru, ró, fámenni, norðurljósum og Heimskautsgerðinu. Slík markaðssetning er einnig í samræmi við stefnu um brothættar byggðir, þar sem lögð er áhersla á sjálfbæran vöxt og náttúrutengda ferðaþjónustu. Vindorkugarður með 30–100 vindmyllum, spennustöðvum, háspennulínnum og þjónustuvegum myndi rjúfa þessa sérstöðu og skerða framtíðarmöguleika íbúa og atvinnulífs. Óljóst er einnig hvernig farga eigi spöðum vindmylla, sem samkvæmt upplýsingum framkvæmdaraðila þarf að endurnýja á 25 ára fresti og eru gjarnan grafnir í jörð. Ekki liggja fyrir upplýsingar um mengunarhættu eða ábyrgð sveitarfélagsins.

Vindmyllur á Hnotasteini myndu sjást frá Heimskautsgerðinu og skapa varanlega ljós- og sjónmengun. Heimskautsgerðið er markaðssett með orðunum „þar sem ekkert skyggir á sjóndeildarhringinn“ það verður ekki svo ef vindmilligarður rís á Hólaheiði. Slík áhrif myndu rýra aðdráttarafl Norðurstrandarleiðar og hafa alvarleg áhrif á ferðaþjónustu og upplifun gesta. Framkvæmdir við Hnotastein fela í sér lagningu háspennulína, gerð vinnuvega og víðtæka röskun á viðkvæmu hálendi. Um er að ræða óafturkræf inngríp sem breyta landslagi, ásýnd og lífríki svæðisins til frambúðar.

Að öllu framangreindu virtu mótmælir Hverfisráð Raufarhafnar með öllum tiltækum rökum þeirri tillögu að vindorkugarður verði heimilaður á Hnotasteini og leggst eindregið gegn því að svæðið verði sett í nýtingarflokk.

**Heitt vatn:**

Hverfisráði finnst mikilvægt og óskar eftir því að það leiðrétt verði greinagerð aðalskipulags á bls. 45 þar sem eftirfarandi segir: *Engin hitaveita er á Raufarhöfn. Þar hefur ekki fundist heitt vatn og þar hefur ekki verið borað í nokkur ár.*

Rétt er að það hefur fundist heitt vatn á Raufarhöfn í tveimur borholum uppi á Ási en það var ekki talið nægjanlega heitt til nýtingar, borholur eru gamlar og grunnar. Tækni í dag er allt önnur en hún var fyrir 15 árum síðan og því væri nær að orða textann á þann hátt að ekki hafi fundist heitt vatn í nægilega miklu magni eða eitthvað slíkt, þ.e að svæðið verði ekki útilokað, því það krefst meiri rannsókna.

Hverfisráð Raufarhafnar 2026